

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 22. desember 2017 í máli nr. E-309/2017:

Jyske Bank A/S

(Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.)

gegn

Gísli Gíslason

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 10. mars 2017 og tekið til dóms 30. nóvember sl. Stefnandi er Jyske Bank A/S, Vestergade 8-16, Silkeborg, Danmörku, en stefndi er Gísli Gíslason, [...], [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð 48.300 danskra króna auk vanskilavaxta samkvæmt 5. gr. danskra laga um dráttarvexti, Lovbekendtgørelse nr. 743 af 4. april 2002 om renter ved forsinket betaling m.v., frá 11. mars 2014 samkvæmt eftirfarandi: Með 7,20% vöxtum frá 11.3.2014 til 30.6.2015 en þá með 7,05% vöxtum frá 1.7.2015 til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist frávísunar málsins en til vara sýknu. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda.

I

Stefnandi höfðar mál þetta til innheimtu skuldar vegna láns sem stefndi tók hjá stefnanda samkvæmt lánessamningi, dagsettum og undirrituðum þann 27. janúar árið 2005. Samkvæmt samningnum veitti stefnandi stefnda lán að fjárhæð 50.000 danskar krónur í formi yfirdráttarláns á reikningi stefnda hjá stefnanda nr. 503301106307. Lánið, sem samkvæmt ákvæðum samningsins var veitt til 25 mánaða, skyldi stefndi endurgreiða með níu afborgunum, þeirri fyrstu þann 1. apríl 2005 að fjárhæð 1676,44 danskar krónur og upp frá því, eða frá 1. júlí 2005, skyldu afborganir lánsins nema 1.795 dönskum krónum sem greiddar skyldu á þriggja mánaða fresti þar til lánið auk tilgreindra vaxta yrði að fullu greitt.

Stefndi stóð ekki í skilum með afborganir lánsins á gjalddögum þess. Í mars 2007 undirritaði stefndi skuldaviðurkenningu „Frivilligt forlig“ sem undirrituð var þann 14. mars 2007. Í yfirlýsingunni kemur fram að stefnandi ætti kröfu gagnvart stefnda að fjárhæð 48.300 danskar krónur og var honum jafnframt veittur greiðslufrestur. Stefndi greiddi ekki af láninu og samkvæmt ákvæðum samningsins féll lánið í gjalddaga þann 1. ágúst 2008.

Stefnda voru sendar áminningar og innheimtuvíðvörunarbréf lögmanns í heimalandi stefnanda þann 6. október 2016. Þar sem stefndi hefur ekki greitt skuld

sína kveðst stefnanda nauðugur sá kostur að stefna máli þessu til héraðsdóms til að fá dóm fyrir kröfu sinni um greiðsluskyldu stefnda.

II

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda á framlögðum lánessamningi og að með undirritun sinni á lánessamninginn hafi stefndi skuldbundið sig til að greiða lánið sem honum var þá veitt í samræmi við ákvæði lánessamningsins. Höfuðstóll lánsins sé 48.300 danskar krónur sem sé stefnufjárhæð málsins. Greiðsluskylda stefnda sé ótvíræð.

Samkvæmt þágildandi dönskum fyrningarlögum, er til skuldbindingar stefnda var stofnað, og gilt hafi til 1. janúar 2008, hafi fyrningarfrestur á kröfum, sem byggjast á peningalánum hjá fjármálafyrirtækjum, verið 20 ár frá undirritun skuldara. (Lög frá 1908 um fyrningu tiltekinna krafna sem giltu fram til 1. janúar 2008; Lov 1908-12-22 nr. 274 om forældelse af visse fordringer, sbr. og ákvæði Dönsku laga (Kristjáns V. frá 1683), kafla 5-14-4.). Samkvæmt ákvæðunum hafi hinn 20 ára fyrningarfrestur byrjað að líða frá stofndegi kröfunnar en unnt hafi verið að rjúfa hann með tilkynningum til skuldara sem og skuldaviðurkenningu eins og nánar hafi verið kveðið á um í eldri lögum.

Stefndi hafi viðurkennt skuld sína við stefnanda þann 14. mars 2007 með undirritun sinni á svokallaða frjálsta sátt. Þann 1. janúar 2008 hafi tekið gildi ný fyrningarlög í Danmörku, lög nr. 522/2007 með síðari breytingum, Lovbekendtgørelse 2013-08-28 nr. 1063 om forældelse af fordringer, sem gildi samkvæmt efni sínu einnig um skuldbindingar sem til var stofnað í tíð fyrri laga, sbr. og ákvæði eldri laga 1908-12-22 nr. 274, um fyrningu tiltekinna kröfuréttinda. Með lögnum hafi verið felld úr gildi bæði lög nr. 274 frá 1908 sem og ákvæði Dönsku laga frá 1683 sem hafi gilt um skuldbindinguna þegar til hennar var stofnað. Helstu ákvæði núgildandi laga, sem tóku gildi 1. janúar 2008, og þýðingu hafi í máli þessu, kveði á um að fyrningartími krafna vegna lánveitinga fjármálafyrirtækja og/eða yfirdráttarheimilda, eins og í tilviki stefnda, skyldi stytur og vera framvegis 10 ár í stað 20 áður, sbr. 6. gr. laganna. Auk þess hafi verið hert verulega á formaskilyrðum þeirra aðgerða sem rofið gætu fyrningu krafna gagnvart skuldara frá því sem áður var.

Í 30. gr. hinna nýju laga nr. 1063 frá 2013 sé að finna ákvæði til bráðabirgða um þær skuldbindingar sem stofnað var til fyrir gildistíma laganna. Þar sé kveðið á um það að fyrningarrof gagnvart skuldara samkvæmt eldri lögum, sem eigi sér stað fyrir 31. desember 2007, haldi gildi sínu eftir gildistöku laganna eins og nánar sé kveðið á um í lagaákvæðinu.

Stefnandi byggir á því að samkomulag aðila frá 14. mars 2007 hafi því haft þau áhrif að rjúfa fyrningu kröfu stefnanda. Við gildistöku hinna nýju laga þann 1.

janúar 2008 hafi fyrningarfrestur kröfu stefnanda gagnvart stefnda styst í 10 ár sem hafi byrjað að líða gagnvart stefnda í fyrsta lagi þann 14. mars 2007. Krafan fyrnist samkvæmt því í fyrsta lagi þann 14. mars 2017.

Rétt sé að geta þess að til einföldunar sé af hálfu stefnanda fallið frá kröfu um greiðslu þeirra sammingsvaxta sem ófyrndir séu.

Krafa stefnanda um dráttarvexti byggist á hinum dönsku vaxtalögum, Lovbekendtgørelse nr. 743 af 4. april 2002 om renter ved forsinket betaling, með áorðnum breytingum, einkum 5. gr. laganna. Varðandi vanefndir, vanefndaúrræði, fyrningu, gildi krafna stefnanda sem og dráttarvexti sé af hálfu stefnanda byggt á dönskum lögum í samræmi við ákvæði láns sammingsins, sbr. og einnig 3. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verið vísað frá dómi vegna þess að stefnandi hafi ekki látið þýða öll skjöl málsins sem eru á dönsku. Styður hann kröfu sína við 1., sbr. 3., mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að kröfur stefnanda hafi verið fyrndar þegar mál þetta var þingfest eða fallnar niður fyrir tómlæti af hálfu stefnanda. Samkvæmt dönskum lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 522/2007, 6. gr., sé fyrningarfrestur kröfunnar 10 ár, en samkvæmt 3. mgr. 6. gr. fyrnist krafa um vexti á þremur árum, sbr. 3. gr. laganna. Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 16. gr. laganna sé fyrning rofin með þingfestingu máls á hendur skuldara. Ef miðað sé við að stefndi hafi viðurkennt skuld sína þann 14. mars 2007, eins og stefnandi geri ráð fyrir í málalíbúnaði sínum, hafi krafan verið fyrnd þegar málið var þingfest þann 22. mars 2017. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi telur jafnframt að svokölluð frjáls sátt rjúfi ekki fyrningu kröfunnar. Þá vanti jafnframt upp á að sáttin sé gild þar sem stefnandi hafi ekki sjálfur undirritað hana. Þá sé þar miðað við stöðu kröfunnar þann 9. mars 2007 og því beri að miða 10 ára fyrningarfrestinn við þann dag en ekki 14. mars 2007. Þá sé krafan fyrnd hvort heldur sé miðað við að stefnubirting eða þingfesting rjúfi fyrningu kröfunnar. Hins vegar séu íslensk lög og dönsk ólík um þetta efni en fara beri eftir dönskum lögum í máli þessu þar sem miðað sé við þingfestingu.

Stefndi vill jafnframt benda á að stefnandi hafi í kröfugerð sinni felld vexti við höfuðstól kröfunnar en það sé honum óheimilt. Hluti höfuðstólskröfu stefnanda í máli þessu sé vextir eins og fram komi í frjálsu sáttinni. Þá hafi allir vextir verið fyrndir sem voru eldri en þriggja ára þegar málið var höfðað og þó svo að stefndi verði talinn greiðsluskyldur verði að sýkna hann af vaxtakröfu stefnanda, a.m.k. að verulegu leyti. Reyndar telur stefndi vaxtakröfu stefnanda ekki dómtæka þar sem í engu sé getið um vaxtafót.

Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Þann 27. janúar 2005 gerði stefndi, sem þá bjó í Danmörku, lánsamning við stefnanda með yfirdráttarheimild að fjárhæð 50.000 danskar krónur. Í lánsamningnum eru m.a. ákvæði um afborgarnir og um greiðslur á vöxtum og dráttarvöxtum. Með bréfi 24. janúar 2007 tilkynnti stefnandi stefnda að vegna vanefnda á greiðslum væri lánið fallið í gjalddaga og var skorað á stefnda að greiða skuldina eða semja um greiðslu á henni. Þann 14. mars 2007 gerði stefndi svokallaða frjálsa sátt, „Frivilligt forlig“, þar sem hann viðurkenndi að skulda stefnanda vegna framangreinds lánsamnings 48.300,73 danskar krónur. Fram kemur í sáttinni að stefnandi skuldbindi sig til að greiða skuldina ásamt vöxtum og að samningur um greiðslutilhögun verði tekinn til umræðu 1. ágúst 2008 og að þá verði gerður nýr samningur. Stefndi greiddi hvorki skuldina né samdi frekar um hana. Stefnda var sent innheimtubréf 16. október 2016 en stefna á hendur honum var birt hér á landi 10. mars 2017 og málið þingfest 22. mars 2017.

Á reglulegu dómþingi 19. apríl 2017 lagði stefndi fram greinargerð samkvæmt 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem eingöngu var krafist frávísunar málsins á þeim grunni að framlögð skjöl í málinu, sem væru á dönsku, hefðu ekki verið þýdd á íslensku. Stefndi bætti úr því og lagði fram þýðingar á nokkrum skjölum í þinghaldi 30. júní 2017. Í því þinghaldi var bókað af lögmanni stefnda að ekki hefði verið lögð fram þýðing á tveimur nánar tilgreindum skjölum. Í þessu þinghaldi var aðalmeðferð ákveðin. Í greinargerð sinni, sem lögð var fram í þinghaldi 27. október 2017, krefst stefndi frávísunar málsins á ný þar sem öll framlögð skjöl málsins hefðu ekki verið þýdd. Fyrir liggur að þau skjöl sem liggja til grundvallar samningi aðila hafa verið þýdd á íslensku. Af hálfu dómara er ekki talin þörf á frekari þýðingu skjala í málinu og á því undantekningarákvæði 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 við og verður því ekki fallist á með stefnda að vísa eigi málinu frá af þessum sökum.

Ágreiningslaust er með aðilum að 10 ára fyrningarfrestur gildi um kröfuna samkvæmt dönskum fyrningarlögum nr. 522/20007, Lov om forældelse af fordringe sem gildi tóku 1. janúar 2008, sbr. lög nr. 1063/2013, Bekendtgørelse af lov om forældelse af fordringer sem gildi tóku 1. janúar 2014. Þá er ekki heldur ágreiningur um að þriggja ára fyrningarfrestur gildi um vexti af kröfunni samkvæmt sömu lögum.

Ágreiningur er hins vegar um hvenær fyrningarslit hafi orðið gagnvart stefnda. Hin frjálsa sátt var gerð 14. mars 2007 og birting stefnu á hendur stefnda fór fram 10. mars 2017. Stefndi mótmælir því hins vegar að miða eigi við

stefnubirtingu heldur skuli miða við þingfestingu málsins sem fram fór 22. mars 2017, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 16. gr. dönsku fyrningarlagna nr. 522/2007. Samkvæmt lagaskilareglum íslensks réttar ber að leggja efnisreglur dansks réttar til grunvallar kröfum stefnanda en varðandi efndir sammingsins skal taka tillit til laga þess lands þar sem efndir sammingsins fara fram, sbr. 3. mgr. 9. gr., sbr. og 2. mgr. 10. gr., laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Samkvæmt íslenskum rétti telst mál höfðað með birtingu stefnu, sbr. 93. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og telst málið því höfðað áður en 10 ára fyrningarfrestur rann út.

Ekki verður fallist á með stefnda að þótt stefnandi hafi ekki krafist greiðslu skuldarinnar í langan tíma hafi það gefið stefnda tilefni til að ætla að skuldin væri fallin niður, enda gaf stefnandi honum ekki til kynna að svo væri. Verður því ekki fallist á með stefnda að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis. Þá skiptir ekki máli þótt hin frjálsa sátt sé ekki undirrituð af stefnanda en á því er byggt af hálfu stefnda.

Höfuðstóll umkrafinnar skuldar er byggður á hinni frjálsu sátt sem stefndi undirgekkst 14. mars 2007 en með henni samþykkti stefndi að greiða skuldina ásamt þá áföllnum vöxtum, samtals að fjárhæð 48.300,73 danskar krónur. Er stefnanda heimilt að byggja kröfu sína á höfuðstól sáttarinnar sem stefndi gerði ekki athugasemdir við er hann undirritaði sáttina.

Niðurstaða málsins er því sú að framangreindar kröfur stefnanda verða teknar til greina.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda. Krafa stefnanda um vexti er byggð á dönskum vaxtalögum nr. 743/2002, Bekendtgørelse af lov om renter og andre forhold ved forsinket betaling, sem gildi tóku 1. janúar 2008. Stefndi mótmælir sérstaklega vaxtafæti en stefnandi tilgreinir vaxtaþrósentu í stefnukröfum. Eins og málið liggur fyrir þykir mega fallast á kröfu stefnanda með þeim hætti að stefndi greiði vexti af skuldinni samkvæmt 5. gr. dönsku laganna nr. 743/2002 frá 11. mars 2014 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 400.000 krónur og hefur þá ekki verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Stefndi, Gísli Gíslason, greiði stefnanda, Jysk Bank A/S, 48.300 danskar krónur með vanskilavöxtum samkvæmt 5. gr. danskra laga nr. 743/2002, Bekendtgørelse af lov om renter og andre forhold ved forsinket betaling, frá 11. mars 2014 til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson